

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 7. október 2022

Alþingi
Fjárlaganefnd
b.t. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður

Efni: Umsögn til fjárlaganefndar um frumvarp til laga um fjárlög 2023, 1. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands vilja koma að eftirfarandi athugasemdum og tillögum vegna framlagningar frumvarps til laga um fjárlög 2023.

Hver er stefna ríkisstjórnar Íslands í landbúnaðarmálum?

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Landbúnaður verði eflur á kjörtímabilinu.
- Fjölga stöðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar.
- Markmið um að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla til að treysta fæðuöryggi.
- Fæðuöryggi verði tryggt með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu.
- Efling skógræktar til að mæta skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum.

Það sem birtist í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi


Miðað við fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarp er um að ræða umtalsverða raunlækkun fjárframlaga til landbúnaðar og stoðþjónustu.

Liðir sem lækka:

- Raunlækkun fjárframlaga til dýralæknaþjónustu um tæpar 25 millj. Dýralæknaþjónusta er nauðsynlegur þáttur í innviðum allrar landbúnaðarframleiðslu og því afar mikilvægt að sú þjónusta sé tiltæk á landinu öllu. Afar illa hefur gengið að manna þessa þjónustu og ljóst að staðan mun ekki batna með lækkun fjárframlaga. Fjárlagaliður 12.10-111.
- Framlag samkvæmt útgjaldaliðnum *Ýmiss stuðningur við landbúnað* lækkar umtalsvert eða um tæpar 700 millj. Fjárlagaliður 12.10-110.
- Engin framlög eru áætluð í Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóð á árinu 2023 en fjárframlag til sjóðsins var 30 millj. á árinu 2022. Fjárlagaliður 12.20.


Stuðningur til íslensk landbúnaðar í sögulegu samhengi:

Framlag ríkisins til landbúnaðarins hefur lækkað um tæplega þriðjung að raunvirði frá aldamótum en á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um meira en þriðjung og framleiðsla matvæla aukist mikið.



Mynd 1 Heimild: Hagstofa Íslands

Framlag ríkisins til landbúnaðarins sem hlutfall af VLF hefur lækkað um helming.



Hvernig má ná þeim markmiðum sem birtast í stefnu ríkisstjórnarinnar?

Aukin og enn fjölbreyttari innlend framleiðsla landbúnaðarafurða hefur í för með sér aukna verðmætasköpun, minna kolefnisspor, sjálfbærni og stuðlar að fæðuöryggi. Þessum markmiðum má ná m.a. með:

- Átaki í skógrækt til kolefnisbindingar með aðkomu Kolefnisbrúarinnar til að tryggja hámarks verðmætasköpun innanlands.
- Aukinni áherslu á garðyrkju með stuðningi við fjölbreytni í bæði úti- og ylæktun. Auk þess sem festa þarf niðurgreiðsluhlutfall raforkuverðs í samræmi við sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf.
- Stóreflingu innlendar kornræktar.
- Áframhaldandi og auknum stuðningi við innlenda vöruþróun á landbúnaðarvörum.
- Auknum stuðningi við rannsóknir á öllum sviðum landbúnaðar með samkeppnishæfni innlendar framleiðslu að leiðarljósi.

Tryggja þarf land og landsvæði í landbúnaðarnotkun og viðhalda framleiðsluvilja bænda með eðlilegu starfsumhverfi.

- Framleiðsluvilji og hagstætt starfsumhverfi er forsenda þess að nýsköpun eigi sér stað með tilheyrandi verðmætasköpun.
- Aðgangur að landi til landbúnaðarnota, framleiðsluvilji bænda og tilheyrandi innviðir eru forsenda þess að hægt sé að tryggja fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar.

- Ráðstöfun ríkisjarða þarf að vera með þeim hætti að þær jarðir verði í auknum mæli nýttar til landbúnaðarnota.

Viðhalda verður tollvernd á innlenda framleiðslu þannig að staða þeirrar framleiðslu tryggi eðlilegt starfsumhverfi. Í þessu sambengi ber einnig að nefna að hluti af starfsumhverfi íslensks landbúnaðar er eitt strangasta regluverk sem þekktist í heiminum varðandi aðbúnaðarkröfur, takmörkun á notkun lyfja, bann við notkun vaxtaaukandi efna og umhverfiskröfur. Allar þessar kröfur eru settar til að m.a. tryggja hag neytenda en um leið hafa þessar kröfur í för með sér að innlend framleiðsla er dýrari en víða erlendis þar sem landbúnaðarvörur eru framleiddar við aðrar starfsaðstæður. Sömu kröfur eru hins vegar ekki gerðar til innfluttrar vöru.

Afsetning lífræns úrgangs er eitt af þeim málum sem þarfnast nýrrar nálgunar vegna breyttra áherslna og breytts lagaumhverfis s.s banns við urðun á slíkum úrgangi. Íslenskur landbúnaður getur verið hluti af lausninni í þessum málaflokki þar sem mikið magn næringarefna sem þörf er á í landbúnaðarframleiðslu falla til með lífrænum úrgangi. Endurnýting þeirra næringarefna getur verið lykillinn að því að lífrænn úrgangur verði að verðmætum í stað þess að valda óæskilegum umhverfisáhrifum auk ótalins kostnaðar við förgun. Helstu áskoranirnar í þessu verkefni eru skortur á rannsóknum á sviðinu og kostnaðarsöm uppbygging innviða auk þess sem flutningsleiðir eru langar innanlands.

Þau atriði sem þurfa að fá pláss í fjárlögum

Markmið ríkisstjórnarinnar um að efla landbúnað á kjörtímabilinu og að fjölga stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar eru metnaðarfull. Þessi markmið stuðla jafnframt að verðmætasköpun, fæðuöryggi og minna kolefnisspori svo eitthvað sé nefnt.

Til þess að ná megi þessum markmiðum þurfa eftirfarandi atriði að komast á fjárlög:

- Fjárframlög til plöntukynbóta, árleg fjárfestingarþörf er 30 millj.
- Fjárframlög til rannsókna vegna nýrrar nálgunar við afsetningu lífræns úrgangs.
- Bjargráðasjóður/Náttúruhamfaratrygging Íslands þarf að hafa fjárframlag til að bæta uppskerubrest í kornrækt og áföll í landbúnaði sem ekki er hægt að tryggja hjá hefðbundnum tryggingafélögum sbr. leið C í skýrslu starfshóps um tryggingamál bænda.
- Innviðauppbygging tengd kornrækt, árleg fjárfestingarþörf er áætluð um 1 milljarður.
- Innviðauppbygging tengd áburðarframleiðslu úr lífrænum úrgangi; uppbygging safnstöðva og miðlægra landshluta úrvinnslustöðva.
- Útrýming riðu í íslensku sauðfé með innleiðingu á ARR arfgeninu. Framlög þarf til þessa verkefnis en fyrirsjáanlega mun sá stofnkostnaður spara ríkissjóði gríðarlega fjármuni til framtíðar m.a. með möguleikanum á niðurlagningu sauðfjárveikivarnagirðinga og með því að ekki verði lengur þörf á niðurskurðaraðgerðum af völdum riðu með tilheyrandi kostnaði og bótagreiðslum ríkissjóðs.

Rétt er að nefna í þessu samhengi að íslenskur landbúnaður hefur á árinu 2022 notið aukinna fjárframlaga úr ríkissjóði í formi áburðarstyrks og greiðsla spretthópsins svokallaða, sem ber að þakka. **Það verður þó að hafa í huga að þær greiðslur voru á grunni neyðarástands sem skapaðist vegna áður óþekktra hækkana á aðföngum sem ljóst var að ekki yrði mætt með hækkun afurðaverðs. Þessar aðgerðir höfðu því enga tengingu við framangreind markmið ríkisstjórnarinnar um að efla innlendan landbúnað.**

Önnur atriði

Eitt af stefnumálum í stjórnarsáttmála er að skilvirkni við tolleftirlit verði aukið til muna. Í febrúar sl. skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um *Tollframkvæmd vegna landbúnaðarafurða*. Með sameiningu Tollstjóraembættisins og Ríkisskattstjóra átti að ná fram aukinni skilvirkni í þessum málaflokki en sé miðað við niðurstöður nefndrar skýrslu hefur það ekki tekist. Ríkisendurskoðun gerir tillögur í fimm liðum til úrbóta sem kalla á aukið fjármagn til málaflokksins.

Að lokum

Í skýrslu starfshóps um neyðarbirgðir sem birt var í ágúst sl. er víða minnst á innlenda matvælaframleiðslu. Þar segir til að mynda að fæðuöryggi sé ein af forsendum þess að hægt sé að tryggja lífsafkomu þjóðar á hættustundu. Allar framangreindar tillögur miða að sjálfbærari landbúnaði á Íslandi sem byggi á verðmætasköpun með hollustu matvæla og fæðuöryggi að leiðarljósi.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason
lögfræðingur